

Siðareglur félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps

Manngildi og virðing fyrir ólíkum hópum samfélagsins er í fyrirrúmi ásamt fordómaleysi og heilindum til að vinna vel fyrir þann sem er í vanda staddur. Trúnaður er lykilorð.

1. Starfsmenn félagsþjónustunnar vinna skv. stjórnsýslulögum, upplýsingalögum, barnaverndarlögum, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni fatlaðs fólks, lögum um málefni aldraðra ásamt fleiri lögum og reglugerðum er varða málaflökkinn.
2. Starfsmenn félagsþjónustunnar skulu ávallt upplýsa skjólstæðinga sína um réttindi þeirra og skyldur og útskýra reglur og lög sem unnið er eftir.
3. Starfsmenn munu ekki leita upplýsinga um 3 aðila án hans samþykkis og fullri vitund, nema lög kveði á um annað í þeirri vinnu sem unnið er við.
4. Starfsmenn félagsþjónustunnar þiggja ekki gjafir né fjármuni frá skjólstæðingum sínum.
5. Fullum trúnaði er heitið þeim sem unnið er með hverju sinni og heldur sá trúnaður þótt starfsmaður láti af störfum. Undantekning frá trúnaði á eingöngu við ef lög krefjast þess og ef starfsmaður verður var við ólöglegt athæfi skjólstæðingsins.
6. Starfsmenn munu aldrei nýta sér ójöfnuð á einn né neinn hátt né tengsl við skjólstæðinga sér til framdráttar.
7. Starfsmenn félagsþjónustunnar bera ábyrgð á að einstaklingurinn sem til þeirra leitar fái ráðgjöf annars staðar frá sé vandi þeirra þess eðlis að ekki sé unnt að leysa hann hjá félagsþjónustunni.
8. Starfsmenn félagsþjónustunnar koma til móts við einstaklinginn þar sem hann er staddur hverju sinni.
9. Starfsmenn félagsþjónustunnar eru ekki meðferðaraðilar heldur stuðningsaðilar og greina þar á milli
10. Starfsmenn félagsþjónustunnar fara ekki í manngreiningarálit og virða alla óháð kynferði, litarhatts, trúarbragða og skoðana eins og segir í jafnréttisáætlun sveitarfélagsins.
11. Starfsmenn félagsþjónustunnar taka fulla ábyrgð á gjörðum sínum, orðum og hegðun
12. Starfsmenn hafa þessa stefnu að leiðarljósi í öllum sínum samskiptum í faglegru vinnu og láta ekki pólitísk sjónarmið ráða för við vinnslu viðkvæmra einstaklingsmála.

Samþykkt í Velferðarnefnd þann 27. ágúst 2012